



Heimir Pálsson

Hugsað um *Litlu Skáldu*

Kennslubækur og kennsla á miðöldum

Miðaldahandritin AM 748 I b 4to og AM 757 a 4to, sem öll eru varðveitt í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, hafa að geyma hluta *Skáldskaparmála* úr *Snorra-Eddu* auk annars efnis um skáldskaparlist. Í AM 748 I b 4to og AM 757 a 4to er meðal annars um að ræða sjálfstæða gerð kenningatals úr *Skáldskaparmálum* og eru handritin nær orðrétt eins á þeim parti. Hefur þetta efni stundum verið nefnt *Litla Skálda*. Í þessari grein er bent á að líklegast sé þarna á ferðinni sjálfstætt námsefni handa verðandi skáldum og byggi textinn ekki á *Eddu* eins og við þekkjum hana, hvorki Uppsalagerð né Konungsbókargerð, heldur sé líklegra að farið sé eftir heimildum sem þess vegna gætu verið tólftu aldar kennsluefni og þar með eldri en kennslubókin sem kennd er við Snorra. Athuganir höfundar hafa bent til þess að gert hafi verið ráð fyrir að nemendur lærðu utanbókar þær vísur sem til er vitnað í *Skáldskaparmálum Eddu*, en hér er um að ræða vísналаust kenningatal, sem líklega hefur átt að lærast eins og það kom fyrir, enda má hugsanlega sjá þess stað að reynt sé að efnis- og merkingarraða til að auðvelda námið. Greinarhöfundur hefur að markmiði að leggja kennurum upp í hendur efni til að kynna nemendum forna kennslubók og vekja þannig umræður um kennsluhætti, hvort heldur hefur verið í skólstofum eða einstaklingstilsögn. Margir þeir orðaleikir og þær myndir sem á kreiki eru í fornum kenningum eru vænleg til að vekja áhuga nemenda, sem sjálfir hafa nautn af margs konar málþrautum.

Heimir Pálsson (heimir.palsson@gmail.com) er dósent í norrænum fræðum frá Uppsalaháskóla.

***Litla Skálda*: Textbooks and teaching in the Middle Ages**

The medieval manuscripts AM 748 I b 4to and AM 757 a 4to, all preserved in The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies [i. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi], contain parts of the *Prose-Edda's* "language of poetry" [i. *Skáldskaparmál*], along with other material concerning poetic rhetoric. Parts of AM 748 I 4to and AM 757 a 4to give us an independent version of a list of kennings, of the same kind but not in the same order, as listed in *Skáldskaparmál*. The text in the manuscripts in question is almost identical and this part of it has sometimes been called *Litla Skálda* (*The Little Book on Poetics*). In the present article the author argues for this to be independent study material for prospective poets, not built upon the Edda text as we know it, nor in the Uppsala-version nor in the Regius-version. It might derive from material from the 12th century and thus from written or memorized texts that have been among the sources of Snorri Sturluson. The present author's research has shown that most likely the poetic examples in *Skáldskaparmál* were meant to

be learned by heart, and the guess is that the list of kennings in *Litla Skálda* also was meant to be memorized. One might even say that the kennings were arranged in groups, with regard to semantics or fields, just to make the memorizing a little easier. The author's aim is to create for teachers an edition that shows students what textbooks may have looked like in medieval times, and thus encourage discussions on the schools and studies of long ago.

Heimir Pálsson (heimir.palsson@gmail.com) is professor emeritus in nordic studies at Uppsala University.

Inngangsorð

Undanfarinn áratug hefur sá sem hér skrifar sýslað við kveðskaparfræðin sem oftast eru kennd við Snorra Sturluson og einkanlega birtust í verki hans, *Eddu*. Meginkjarni athugana minna snýst um þá gerð verksins sem kennd er við Uppsali í Svíþjóð og handrit sem þar er varðveitt og oftast kallað *Uppsalaabók* (DG 11 4to, sjá um handrit *Eddu* í neðanmálgrein bls. 4). Í þessari sýslu hefur æ oftast vakið undrun mína hve margar sjálfsögðar spurningar virtust aldrei hafa verið bornar upp. Mikið af rannsóknum kringum *Eddu* hefur snúist um að finna hvernig „frumtexti“ verksins, höfundarverks Snorra Sturlusonar, kunni að hafa litið út. Það er auðvitað fróðlegt mál en mér virðist einatt gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut að Snorri hafi „samið“ *Eddu*, rétt eins og íslenski skólinn hefur sannfært sig og marga aðra um að afburða rithöfundar hafi samið Íslendingasögur eða frábærar konungasögur. Þó blasir við að mjög ólíkar bókmenntagreinir eru á ferð, þar sem annars vegar er fróðskaparritið *Edda*, hins vegar innlendar eða erlendar einstaklingssögur eða héraða- og ríkjakronikur.

Það sem Snorri hefur fram að færa í þrem hlutum af fjórum í *Eddu* var allt saman til fyrir hans daga. Sögur af guðunum, þær sem birtast okkur í *Gylfaginningu*, höfðu verið sagðar öldum saman og meðal annars lifað af skiptin frá heiðni til kristni.¹ Kveðskapurinn sem tekin eru dæmi af í *Skáldskaparmálum* var allur til, sumt meira að segja að minnsta kosti 200 ára gamalt. Hugmyndir Euhemers, hins gríska heimspekings, um uppruna heiðinna goða, þær sem blasa við í *Prolog* eða nafnlausum formála *Eddu*, voru þekktar hérlendis og höfðu meðal annars sett mark sitt á ættartölu Ynglinga og Breiðfirðinga í *Íslendingabók* hjá Ara fróða, sem ekki hikaði við að rekja ætt sína til Njarðar og Freys (Óðni sleppti hann!). Það eina sem ekki var til áður var *Háttatal*, höfðingjakvæði Snorra um Hákon Hákonarson Noregskonung og Skúla Bárðarson jarl hans. Þegar skrifari Uppsalaagerðarinnar setti í fyrirsögn *Eddu* að „hana hefir saman setta Snorri Sturluson“ var hann líklega ekki að bregða fyrir sig samheiti við *semja*. Hann var sennilega einmitt að leggja á það áherslu að *Edda* væri sett saman úr eldra efni.

Í þessu samhengi hefur verið mjög ríkjandi sá hegðan sem Sigurður Nordal gerði að hálfildings trúarsetningu í riti sínu um Snorra 1920: Með *Eddu* var Snorri að bregðast við tvenns konar ógn: Hrakandi kveðskap landa sinna og erlendri árás í formi dansa og bragarháttalausungar.² Hér var þá forn *staða*, síðan kom upp *andstaða* og smám saman fékkst *niðurstaða*, meðal annars fyrir dygga framgöngu Snorra.

Þessa hugmynd kokgleyptu erlendir fræðimenn eins og Elias Wessén, sem árið 1940 setti fram kenningu sína um að *Edda* væri skrifuð afturábak: *Háttatal* fyrst, síðan *Skáldskaparmál* (frumdrög), þá *Gylfaginning* og loks formálinn sem ekki fékk neitt nafn. Þá hefðu að vísu *Skáldskaparmál* verið endurskoðuð og þar með var allt fullkomnað. Þessi

¹ Ég leyfi mér að benda kennurum á endursagnir Böðvars Guðmundssonar á goðsögunum á nútímamál í bók okkar *Norrænir guðir í nýju landi*, 2015.

² Þarna er reyndar ágætt dæmi um það almenna viðhorf að erlend áhrif á tungu og menningu hljóti að vera ill.

sköpunarsaga varð ný helgisögn og náði fullkomnun hjá Anne Holtsmark í formálanum að útgáfu þeirra Jóns Helgasonar á sögum úr *Eddu (Gylfaginningu og Skáldskaparmálum* 1950). Norrænir stúdentar og síðan íslenskt skólafólk fékk með þessu mjög vafasama ef ekki gauðranga mynd af *Eddu*, þar sem búið var að búa til skemmtisagnasafn úr henni. Sjálfur skáldaskólinn var ekki til umræðu.

Auðvitað eru til mikilvægar undantekningar. Verk þeirra Sverris Tómassonar og félaga, *Guðamjöður og arnarleir* (1996), gerði hetjulega tilraun til að vekja athygli á hlut *Skáldskaparmála* í kveðskaparpróuninni. Þar var áherslan á viðtökum verksins á síðari tímum, en hins vegar minna gert til að grafast fyrir um ræturnar, nema þá ef benda mætti á erlendar fyrirmyndir.³ Það er gott og mikilvægt, en eftir stendur að skýra hvernig Snorri sjálfur lærði til verka og þjálfaðist í íþróttinni sem hann og fleiri áttu eftir að kenna. Því skáldskapurinn var íþrótt og menn höfðu lengi stundað æfingar á því sviði. Reyndar átti tólfta öldin á að skipa miklum íþróttamönnum eins og Einari Skúlasyni, og varla höfðu bragsnillingar eins og þeir bræður Ólafur hvítaskáld og Sturla bróðir hans á þrettánda öldinni lært fræðin frá grunni af Snorra frænda. Innrás dansanna varð ekki stórvægileg fyrr en að Snorra látnum og jafnvel hinn þjóðlegi kveðskapur, rímurnar, átti sér líklega ekki síður erlendar rætur en innlendar samkvæmt athugunum Vésteins Ólasonar 1976.

Sú smágrein sem hér fer á eftir er aðeins örlítill vísbending um þær rannsóknir sem ég tel að þurfi að iðka vasklega á næstu áratugum.⁴ Við hljótum að kanna ákafar en áður þann jarðveg sem *Edda* hefur vaxið úr. Við hljótum að spyrja óvæginnna spurninga um hvernig skáld hafa tileinkað sér braglistina öldum fyrr en Snorri setti saman sögur og kveðskapardæmi. Við hljótum að spyrja okkur hvað var til, því væntanlega skiljum við ekki síður en þeir forfeður okkar, sem ekki var gefin andleg spektin, að ekkert verður til úr engu.

Hér er athyglinni beint að kennslugagni sem kann að eiga sér eldfornar rætur og því er greinin sett í rit kennara og uppeldisfræðinga.

Hverjum voru handritin ætluð?

Við vitum fátt með vissu um markhóp handrita á miðöldum, ef horft er hjá þeim sem augljóslega voru sófaborðsbækur, jafnvel ætlaðar til útflutnings.⁵ Það er að vísu nokkuð öruggt að sum hversdagslegra handrita hafa verið notuð til upplestrar, einn hefur lesið fyrir marga. Það var góð nýting á vinnukrafti og kannski meira að segja stundum hægt að láta þann eða þá lesa sem fáu eða engu gat sinnt af nauðsynjastörfum. Maður hugsar sér þá að handritin og lesarar þeirra hafi leyst af hólmi sagnabuli fyrri tíðar, karla og konur sem sögðu sögur eða þuldu kvæði til afþreyingar öðrum. Sjálfsagt hefur líka eitthvað verið um einkalestur í hljóði svipaðan þeim sem helst tíðkast í dag (ef sá lestur er þá ekki að leggjast af). Væntanlega eigum við, nútímafólk, auðveldast með að hugsa okkur að handrit með sögum og kvæðum hafi verið lesin upphátt, en það stafar meðal annars af því að við vitum afskaplega lítið um nám á þessari tíð, vitum til dæmis ekki hvort menn námu lög af bók eða hlustun, nema hvort tveggja hafi verið. Þegar Njálahöfundur segir að Njáll hafi kennt Þórhalli Ásgrímssyni lög (Íf. 12: 74) hlýtur hann að sjá það fyrir sér sem bókarlaust nám, og sama gildir líklega um það þegar Þorlákur helgi nam af móður sinni „ættvísi ok mannfæði“ (Íf. 16: 146). Hins vegar bendir fjöldi lögbókarhandrita, sumra mjög íburðarmikilla, auðvitað til þess að menn hafi viljað geta flett upp, þegar í harðbakkann sló, auk þess sem vafalaust hefur verið fremdarauki að því að eiga bækur.

³ Það er langt frá verkefni þessarar smágreinar að fást við fyrirmyndamál. Það hafa erlend stórmenni gert án mikillar uppskeru, og má fremst nefna Margaret Clunies Ross (1987) og Ursulu og Peter Dronke (1977).

⁴ Þeim Bjarna Ólafssyni menntaskólakennara og Hjalta Rögnvaldssyni þýðanda og leikara þakka ég yfirlestur og nytsamar ábendingar.

⁵ Um þetta fjallaði til dæmis Stefán Karlsson í fróðlegum greinum sem lesa má í ritgerðasafni hans árið 2000.

Ein er þó sú námsgrein sem mest hefur flækst fyrir mér síðast liðinn áratug eða svo, og það er kveðskaparlistin. Hún er kölluð *íþrótt*, til dæmis í hetjuvísu Rögnvaldar kala um níu íþróttir, en meðal annars kann hann hvort tveggja „harpslátt og bragþáttu“ (Íf. 34: 130). Bæði Haraldur hárfagri og Aðalráður konungur hafa þau orð um að þeir vilji síður sjá á bak Ölvi hnúfu og Gunnlaugi ormstungu sakir *íþrótt* þeirra (Íf. 2: 56, 3: 74) og Hallfreður vandræðaskáld er varaður við í *Ólafs sögu Tryggvasonar* að nota til illis eins þá *íþrótt* er guð hafi gefið honum (Íf. 8: 178); í *Eddu* spyr Ægir Braga hvaðan hafi komið „sú *íþrótt* er þér kallið skáldskap“ (1998: 3) og alþekkt er dæmi Egils Skallagrímssonar sem sagði Óðin, óvin úlfins, hafa gefið sér „vammi firrta *íþrótt*“ (Íf. 2: 256). Í *Fyrstu málfræðiritgerðinni* er skáldið borið saman við smíði eða lögspekinga (FGT 1972: 225–6).

En það er ekki ný hugmynd að íþrótt eða iðn verði að nema og æfa sá er iðka vill, og eins var um skáldskapinn. Ég hef annars staðar (Andvari 2014) fært að því rök að hugmyndin hafi verið að maður lærði utanað kveðskapardæmin í *Skáldskaparmálum Eddu* og eignaðist þannig einskona brageyra sem gerði kleift að heyra hrynjandina og þær reglur sem henni tengdust. Þetta myndi skýra ýmisleg göt sem verða í reglukennsluna í *Eddu*, því jafnvel í athugasgreinum með *Háttatali* vantar sumt. Hins vegar er enginn vafi á að mikið kapp var lagt á að kenna ungskáldum orðaforða kveðskaparstílsins.

Guðrún Nordal (2001) benti réttilega á að skáldin, þau sem nafngreind eru og fylgdu hefðinni á síðustu öldum dróttkvæðanna, voru flest ættstór og vel menntuð, líklega það sem nú væri kallað efri miðstéttarfolk og hástéttar. Þessi skáld voru öðrum líklegri til að njóta nokkurrar skólamenntunar og svo vel er á statt að við getum forvitnast ofurlítið um Eddunám þeirra í kveðskaparfræðum, þó svo við vitum fátt um hvernig það fór fram. Þótt gaman væri að hugsa sér að reknir hefðu verið sérstakir skáldaskólar er afskaplega erfitt að finna því stoð í veruleikanum eða skólasögum miðalda. Það væri vitanlega fróðlegt að vita hvað þeir ræddu um skáldskapinn Einar skálaglamm og Egill SkallaGrímsson eftir að vinátta tókst með þeim eins og vikið er að í *Eglu* (Íf. 2: 273) en Einar var þá þegar vel látið skáld, þótt hann væri talsvert yngri en Egill. Má vera að sá gamli hafi haft margt að kenna hinum, en kannski var það líka þveröfugt þar sem Einar var nýkominn heim úr hirðmenningunni í útlöndum!

Flestar rannsóknir í íslenskum fræðum er snúið hafa að miðaldahandritum hafa lotið að sjálfum textanum í handritunum. Þetta er afar skiljanlegt þegar verið er að fást við kvæði eða sögur og leitað er að „frumtexta“. Stundum er sú leit vonlítil, einkum ef verk er varðveitt í einu eða tveim handritum eins og *Völuspá*, hvað þá einu eins og *Baldurs draumar*. Er þá að vonum að menn kætist þegar verk er til í allt að átta skinnhandritum eða ígildi skinnhandrita frá miðöldum eins og er um hluta *Eddu* Snorra Sturlusonar.⁶ Þá ætti leitin að frumtexta með nákvæmum samiburði handritanna að vera líklegri til árangurs.

En í þessu sambandi er hæpið að horfa framhjá því að þau handrit sem varðveitt eru með texta *Eddu* eða hlutum hennar hafa einkanlega verið ætluð sem námsbækur, það er að segja skrifuð handa upprennandi skáldum. Það hafa ef til vill verið allvel stæðir höfðingjar sem létu búa til bók handa sonum sínum (því miður eru varðveittu dæmin fá um konur

⁶ Það er ekki tilefni þessarar greinar að fjalla almennt um handrit *Eddu*, en þau sem hér um ræðir eru: Gks 2367 4to (*Konungsbók*), DG 11 4to (*Uppsabók*), AM 242 fol. (*Wormsbók*) og pappírshandritið 1367 í borgarbókasafninu í Utrecht (*Trektarbók*). Þetta handrit er talið afrit skinnhandrits frá því um 1300 og hafa sjálfstætt gildi. Þessi fjögur handrit má kalla að séu heil, það er varðveitti alla *Eddu*. Handritin AM 748 I b 4to, AM 748 II 4to og AM 757 a 4to geyma misstóra hluta *Skáldskaparmála* og sama er um AM 756 4to, sem reyndar er frá fimmtándu öld og afrit af hluta af *Wormsbók*. Ranglega hafa þessi handrit *Skáldskaparmála* oft verið nefnd brot, en hér skal tekið heilshugar undir orð Guðrúnar Nordal, er hún skrifaði „It is [...] misleading to judge these compilations as containing fragments of Snorra Edda, implying that a part of the text is missing, when in fact these versions mark different points of view in the development of Skaldic poetics“ (2001: 69). Má reyndar til sanns vegar færa að *Konungsbók*, *Wormsbók* og *Uppsabók* séu hver um sig sjálfstæð gerð *Eddu*.

sem fást við að yrkja á miðöldum Íslandssögunnar), og handrit *Eddu* benda til þess að ritbeiðendur hafi verið vel stæðir og getað kostað því til sem þurfti.⁷ Til dæmis er beinlínis brúðlað með skinn í DG 11, Uppsalahandritinu, en einmitt fyrir það bragðið verður nemendabókareinkennið skýrt.

Edda varð ekki til úr engu

Þegar rætt er eða ritað um kennslu skálda er oftast einblínt á Snorra og *Eddu* hans sem einhvers konar byltingarverk, næstum eins og Snorri hafi fundið upp á kennslubóka-skrifum um þessi efni. Ekki er ég með þessum orðum að ýja að erlendum fyrirmyndum, sem hann hefur áreiðanlega heyrt um, ef ekki lesið. Athyglinni skal í staðinn beint hér að innlendum heimildum.

Hugsanlega væri skynsamlegt að fjalla um Eddu í þrennu lagi, *Gylfaginningu*, *Skáldskaparmál* og *Háttatal*, sem þrjú sjálfstæð verk. *Prologus* eða formáli verksins skiptir litlu í þessu samhengi. *Gylfaginning* fjallar um heiðin goð en ekki skáldskaparfræði, og það er tuttugustu aldar skýring að hennar hafi fyrst orðið þörf þegar búið var að yrkja *Háttatal* (sbr. Elias Wessén 1940).

Gylfaginning er að sumu leyti sögugerð *Völuspár*, en jafnframt eru þar sagðar sögur sem Snorri hefur heyrt sagðar eða látið safna í nágrenni Odda, Borgar og Reykholts.⁸ Verklagið er náskýlt konungasagnarituninni: Það er sögð saga og síðan árétuð með lítilli tilvitnun, í þessu dæmi einkum til þeirra kvæða sem við nefnum eddukvæði.

Þegar grannt er að gáð eru það mjög fáar af sögum *Gylfaginningar* sem raunverulega skýra kenningar skáldskaparins, langar sögur eins og um för Þórs til Útgarða-Loka skilja kannski eftir sig eina kenningu (*Þórs fangvina*), vísa úr *Grímnismálum* myndi ein sér duga til að skýra *Ymis hold*, *Ymis blóð* og *Ymis hár*. Kenningarnar eru langflestar skýrðar í *Skáldskaparmálum* og þá án þess að vísa til sagnanna í *Gylfaginningu*. Og þegar kemur að *Háttatali* finnst Snorra eða einhverjum öðrum að þörf sé á athugasgreinum til að útskýra stílbrogðin. En það er fjarska ósennilegt að slíkar skýringar hafi verið látnar fylgja kvæðinu til Hákonar og Skúla í Noregi. Nógu erfitt var nú fyrir þá að brjótast í gegnum kvæðis-textann!

Augljóslega er margt í *Gylfaginningu* verk höfundar eða ritstjóra, ef sá titill kynni að hæfa betur. Það sést best ef skoðaðar eru mótsagnir í textanum. Í formálsorðum á Óðinn sér langa og höfðinglega ættartölu; í *Gylfaginningu* er afi hans jötunn. – Sköpunarsagan hefst á lýsingu *Völuspár* á tóminu, en svo er frumjötunninn Ymir allt í einu kominn til og heimurinn skapaður úr honum og notaðar heimildir sem við þekkjum einnig úr *Grímnismálum*. Þá er svikist um að vitna til þess þegar Burs synir lyftu jörð úr sæ. – Sé verið að tala um stríð ása og vana í vísu sem til er vitnað úr *Völuspá* („knáttu vanir vígspá völlu sporna“) kemur það skriflega heim við söguna af borgarsmiðnum, sem byggði múrinn til þess að verja æsi fyrir jötnum. En í *Gylfaginningu* má skilja orð höfundar svo að allt sé það einn og sami atburðurinn að jötunn var veginn og vanastríð háð. – Lausamálsfrásögnin af Ragnarökki er greinilega byggð á öðrum heimildum (meðal annars hvað varðar atburði og persónur) en fram kemur í *Völuspá*. Samt er í Konungsbókargerð *Eddu* vitnað löngum stundum í kvæðið eftir að sagan hefur verið sögð.

Þessum dæmum mætti fjölga og greinilegt er að reynt er að bræða saman ósamstofna heimildir. Sennilegt þykir manni að slík tilraun til sögugerðar á lífi goðanna hafi aldrei verið

⁷ Fróðlegur er kafli um nemendabækur í verki Mary Carruthers, *The Book of Memory* (2008: 196–202). Margt í hönnun DG 11 sýnist mér einmitt benda til þess að áhersla hafi verið lögð á utanbókarlærðóm skáldskaparfræðanna. Er því efni gerð dálítil skil í bók minni um *Uppsala-Eddu* (2014a).

⁸ Ég er reyndar ekki alveg viss um nema Snorri kunni að hafa lært til dæmis söguna af Gefjuni og landaflutningum og ef til vill fleira í Noregi 1218–1220, en það er stórpólitískt mál sem best er að hafa ekki hátt um.

gerð áður, en hins vegar er fátt sem tengir hana við skáldskaparfræðin sem á eftir koma. Sagan um uppruna skáldskaparins er til dæmis ekki einu sinni sögð í *Gylfaginningu*. Hún kemur í *Skáldskaparmálum* í Konungsbókargerð og á *Síðara sviði Gylfaginningar* í *Uppsala-Eddu*, en þá er lokið allri frásögninni af lífshlaupi ása.⁹

Í *Skáldskaparmálum* verða fyrir aðrar heimildir. Í Konungsbókargerð eru að vísu eftir ýmsar sögur af ásum, sem laglega hefði verið að fella inn í söguna í *Gylfaginningu*. Má þar nefna brott nám lðunnar, bardaga Þórs við knáa jötna eins og Hrungni og Geirröð, sjálfa tilkomu skáldamjaðarins með ævintýralegum sögum um flutning hans, söguna um gullhár Sifjar og stórfenglega smíðisgripi dverganna. Þetta efni hefði allt að einu getað fylgt *Gylfaginningu*. Það sést reyndar ágætlega í því að Jón Helgason og Anne Holtmark gáfu út *Gylfaginningu* og sögur úr *Skáldskaparmálum* en slepptu öllum kveðskaparfræðum, og sömu leið hefur lærdómsfólk um mörg lönd farið. Í þeim handritum sem hér verður fjallað um á eftir, eru engar sögur sagðar, en þó tæpt á frásögn um fjötur úlfins, en hún er reyndar sögð í *Gylfaginningu* í öðrum gerðum, og nefnd er sagan um kvörnina Gróttu, sem kynni að vera yngra innskot í Konungsbókargerð, eins og oft hefur verið bent á (sjá t.d. Finn Jónsson 1931: 32).

Því munurinn á *Gylfaginningu* og *Skáldskaparmálum* er mikill og einkanlega fólgin í þessu: Í *Gylfaginningu* eru atburðir úr lífi goðanna uppistaðan. Í *Skáldskaparmálum* Konungsbókargerðar er þeim að vísu skotið inn sem skýringarsögnum við kenningar, en séu frásagnirnar fjarlægðar kemur í ljós að kenninga- og heitafræðslan stendur föstum fótum fyrir sínu.

Um *Háttatal* er óþarft að fjölyrða. Það er sjálfstætt verk og óháð öðrum hlutum *Eddu*, þótt skáldinu hafi vísast seinna sýnst það vera vel nothæft til uppfræðslu skáldnema sem búnir væru að tileinka sér fræði *Skáldskaparmála*.

Þegar hlutar *Eddu* eru skoðaðir með þessu hugarfari kann sumt að skýrast sem áður hefur vírst einkennilegt, en hitt er þó mikilvægara: það skýrir sífellda endurvinnslu verksins eftir aðstæðum og hlutverkum. Um aldir var *Edda* sivinnsluverk (*a work in progress* upp á ensku) eins og námsefni hefur ætíð verið, það þarf að laga að nýjum kynslóðum nemenda og kennara, jafnvel nýjum kveðskapargreinum eins og rímunum. Þar ber lítið á endurgerðum *Gylfaginningar*, en *Skáldskaparmál* eru hins vegar til í mörgum gerðum í pappír safritum og sýnist ýmsu hafa verið í aukið, en skýrt skal þó tekið fram að þar skortir mikið á rannsóknir, eins og um önnur síðari alda verk sem löngum hafa að vonum vakið minni athygli fræðimanna en sjálf frumverkin.

Í því sem hér fer á eftir verður reynt að leggja á það áherslu að handrit *Eddu* hafa verið kennslubækur, sum hver greinilega nemendabækur en ekki ætluð til afþreyingarlestrar nema þá kannski *Gylfaginning*.

AM 748 I b 4to og 757 a 4to – Litla Skálda

Það mátti kalla til stórtíðinda í rannsóknarsögu *Snorra-Eddu* þegar út kom þriggja binda útgáfa Árnaneðndarinnar, *Edda Snorra Sturlusonar I–III*, 1848–1887. Svo gríðarvönduð var sú útgáfa og mikið undirstöðurit að tómmt mál er að sakast um að hún skyldi taka næstum 40 ár, og það er okkar kynslóðar vandi en ekki útgefendanna að allar skýringar og greinargerðir skuli skrifaðar á latínu og því sorglega fáum aðgengilegar nú á tíð. Það er í því sambandi talsvert stórt skref sem stigið er, þegar Árnaneðndin ákveður að gefa út

⁹ Í útgáfum mínum af *Uppsalaabók* (sjá t.d. 2013: 138) hef ég fært fyrir því rök að eðlilegast sé að tala um sviðskipti í *Gylfaginningu* þegar lokið er heimsókninni í Ásgarð og fyrirvaralítið hefst samdrykkjan hjá Ægi (hjá ásum í *Konungsbók*). Því er hér talað um *Fyrri* og *Síðara svið Gylfaginningar*. *Skáldskaparmál* hefjast með því móti síðar í DG 11 4to. – Um goðsagnaflutninginn í DG 11 4to hef eg fjallað í „Bók þessi heitir Edda“ 2014 og endurtek ekki hér.

nýja vísindalega útgáfu, en nú í einu bindi með formála á dönsku. Til umsjónar valdist ókrýndur konungur norrænna fræða, Finnur Jónsson. Árið var 1931 og Finnur hafði að baki útgáfuna á *Skjaldedigtningun*, bindum A og B, en bindin urðu fjögur alls, og *Lexicon Poeticum*, skáldamálsorðabókinni, sem Sveinbjörn Egilsson hafði fyrst gert með latneskum skýringum á flettunum, en Finnur endurskoðað og þýtt á dönsku allar skýringar. Norræna bókmenntasögu í fjórum bindum hafði hann og skrifað og annast fjölda útgáfa íslenskra fornrita og skrifað ótölulegan fjölda ritgerða, stórra og smárra. Hann var riflega sjötugur og talaði á stundum eins og sá sem einn veit, en afrek hans á þessu sviði íslenskrar menningar verða seint fullþökkuð.

Finnur valdi texta *Konungsbókar* sem aðaltexta, lagfærði hann ofurlítið og birti leshætti úr öðrum handritum. Útgáfa hans varð ráðandi bæði um skilning og texta verksins og má kalla að svo hafi verið þar til hófust samræmdar útgáfur Anthony Faulkes hjá Viking Society, þar sem textinn var færður eins nærri Konungsbókarhandritinu og fært þótti. Þar hafa nú allir hlutar *Eddu* komið í vönduðum frágangi og sumir oftast en einu sinni. Virðist mér að fræðimenn hafi yfirleitt gert þær útgáfur að staðli, en um leið víki útgáfa Finns til hliðar.

Útgáfa *Uppsala-Eddu* 1930 (1962) og 1977, gjöf sænska þingsins til hins íslenska í tilefni af alþingishátíðinni 1930, varð feikilega vönduð og á henni byggjast lestrarútgáfur Heimis Pálssonar með samræmdum texta fornum í útgáfu Viking Society 2012 og nútímastafsetningu íslenskri hjá Snorrastofu og Opnu 2013.¹⁰

Í Árnanevndarútgáfunni, 2. bindi, var texti handritanna AM 748 I b 4to og 757 a 4to prentaður allur stafréttur og bæði kölluð *Eddu*-brot. Bæði handritin hefjast með köflum úr *Málskrúðsfræði Ólafs Þórðarsonar*, en á AM 748 I b 4to vantar fremsta blaðið og AM 757 a 4to stytir ritgerðina talsvert. Síðan fylgir í báðum handritum kenningatal það sem hér verður til umfjöllunar og útgáfu, og loks dálitlir hlutar *Skáldskaparmála*. Um þann texta verður ekki fjallað að sinni, en sumt er þar talsvert sérkennilegt.¹¹

Í útgáfunni 1931 lét Finnur lítinn kafla handritanna fylgja sem „Tillæg“ og kallaði *Den lille Skálda*. Kaflinn tók á fimmtu síðu í prentuninni og í formála útgáfunnar var Finnur fáorður um þennan bút, sem honum virðist hafa þótt heldur illa heppnaður og hann taldi frá síðari hluta þrettánda aldar. Hann kvað svo að orði að:

Den kan siges at indeholde et supplement til Snorres værk og går vistnok tildels, men indirekte, tilbage dertil. [...] Som man hurtig vil se [...] er der i visse henseender en indre sammenhæng, men ellers er denne ikke meget logisk.
(1931: lix)

Annars staðar í formálanum orðar Finnur það svo að þarna fari „en kortfattet fortegnelse over forskellige kenninger af en ret kaotisk art“. Um það er ekki víst að allir séu sammála.

Það mun hafa verið þýski fræðimaðurinn Karl Müllenhoff sem gaf þessum kafla fyrst nafnið *Litla Skálda* og raunar taldi hann kenningatalið sett saman án stuðnings við *Skáldskaparmál* og byggt á öðrum heimildum.¹² En *Skáldskaparmál* voru einmitt stundum kölluð *Skálda* í síðari alda uppskriftum og það heiti notaði Rasmus Kristján Rask í fyrstu

¹⁰ Með rannsóknnum sínum hefur Lasse Mårtensson gert þessu handriti mjög nákvæm skil (2013).

¹¹ Það er til dæmis alveg ljóst að AM 757 a 4to er ekki afrit af AM 748 I b 4to að því er varðar *Málskrúðsfræði* og *Litlu Skáldu*, en skrifari AM 757 a virðist hafa haft annað augað á AM 478 I b þegar kom að *Skáldskaparmálum*, þótt hann hafi líklega farið eftir öðru forriti!

¹² Ranglega eigna ég Finni þessa nafngift í útgáfunni 2013: 87. Um *Litlu Skáldu* má fræðast meðal annars hjá Sverri Tómasyni 1996 (20–22) og Guðrúnu Nordal 2001 (226–232 og víðar).

almenningsútgáfu *Eddu* (1818). Umfjöllun Müllenhoff um *Litlu Skáldu* árið 1883 stendur vel fyrir sínu enn þann dag í dag. Hann komst meðal annars svo að orði:

Kaflinn hlýtur að vera óháður Snorra, líklega frá fjórða eða fimmta áratugi 13. aldar, hjá höfundum sem vissi ekki af hinum [Snorra] en var vel fróður og traustur fagmaður. Ýmislegt eiga þeir sameiginlegt í efni og báðir jusu af sama brunni munnlegra heimilda, en hvor á sinn hátt. Hin Litla Skálda er frá upphafi, þar sem talin eru heiti skipa, heiti og kenningar mjaðarins o.s.frv., um ýmislegt fyllri en hin stóru Skáldskaparmál. Hins vegar er höfundur Litlu Skáldu áhugalaus um goðasögur og heiti goðanna í samanburði við Snorra, hann sniðgengur goðin með öllu en heldur sig við þröngt og eiginlegt svið hetjulífsins.¹³

Tímasetning Müllenhoff er ekki rökstudd frekar, en hann telur sig áreiðanlega finna litla heiðni í texta *Litlu Skáldu*. Hann gerir hins vegar, réttilega sýnist mér, ráð fyrir að hún byggi á munnlegum heimildum og þar með verður aldursákvörðin efnisins ógerleg.

Texti *Litlu Skáldu*

Texti *Litlu Skáldu* í AM 748 I b 4to fer hér á eftir með nútíma stafsetningu, en reynt er að varðveita fornlegar orðmyndir og verður lesendum látið að mestu eftir að meta textann og skýra, en bent skal á orð Guðrúnar Nordal: „Litla Skálda’s account of kennings is complete, in that it covers the main subject matter shown to be of interest to the poets“ (2001: 226), og undir það skal tekið að skáld hefðu komist talsvert vel áleiðis við kenningsmíð þótt ekki hefði verið öðru til að dreifa.

Tilgangurinn er að gefa kennurum kost á að kynna fyrir nemendum sínum forna kennslubók eða fornt kennslugagn og fá með því ofurlitla innsýn í einstaklings- eða skólakennslu, til dæmis á tólftu eða þrettánda öld. Er ekki fráleitt að hugsa sér að sumir þeir orðaleikir, sem í kenningum felast, geti höfðað til nútímanemenda líka.

Efnisgreinar eru númeraðar til að auðvelda umræður, en efnisgrein 9 er sótt í AM 757 a 4to, því af einhverjum ástæðum hefur hún ekki verið tekin með í AM 748 I b 4to.

- 1) Skáldskapur er kallaður skip dverga og jötna og Óðins og fundur þeirra og drykkur þeirra, og er rétt að kenna svo, ef vill, bæði skip og drykk sem annars staðar í skáldskap og eigna þeim.
- 2) En skip má kalla dýra heitum og fugla og hesta og kenna við sjó og allt reiði skips en kalla hestaheitum einum ef við sækonunga eru kenndir.
- 3) Drykk má kalla sævar heitum öllum, fjarða og bylgna og vatna allra og kenna til [þeirra eða]¹⁴ horna eða munns eða góma, tanna eða tungu.
- 4) Dverga og jötna er rétt að kalla þjóða heitum öllum og sækonunga og svo gram og vísa og slíkum öllum, og kenna dverga til steina eða urða, en jötna til fjalla eða bjarga. Steina má kalla bein jarðar og sjóvar og vatna, en hús dverga, en grand þeirra Hamdis og Sörla.¹⁵

¹³ es muss von Snorri unabhängig entstanden sein, etwa in den dreißiger oder auch noch den vierziger Jahren des Jahrhunderts, doch einen der von der Arbeit des andern nichts wusste, obgleich er ein sehr sachkundiger und geschickter Fachgenosse war. Beide haben im Stoffe notwendig viel gemeinsames: beide schöpften aus derselben Quelle, der mündlichen Tradition und Lehre, aber auf verschiedene Weise. Die kleine, knappe Skálda ist gleich von Anfang an, von den Heiti des Schiffes, den Heiti und Kennungen des Trankes usw. an manchen Einzelheiten reicher als das große Skáldskaparmál. Für die alten Göttergeschichten dagegen und Benennungen der Götter hat ihr Verfasser kein Interesse wie Snorri: er übergeht sie völlig und beschränkt sich auf den engeren, eigentlichen Kreis des Heldenlebens. (Müllenhoff 5.1. 1883: 215).

¹⁴ [...] sýnist ofaukið.

¹⁵ Hér er greinilega vísað til sögunnar sem sögð er í *Hamðismálum* og fleiri eddukvæðum sem og í *Ragnarsdrápu* Braga Boddasonar.

Ekki skal kenna það er sitt nafn hefir sjálfs, en kenna allt það er annars nafni er nefnt en sínu.¹⁶

- 5) Orrustu má kalla namni nokkurs háreystis skarksamligs glaum eða hljóm, kenna við herklæði eða vopn eða hlífar og því meir að þá skal kenna við Óðin eða sækonunga, ef vill.
- 6) Skjöld má kalla sólar heitum og tungls, himins og skýs; kalla má hann og vegg eða garð, bálk og brík, hurð og gátt, þili og grind, hleða¹⁷ og segl, tjöld og refil, og eigna jafnan orrustu eða Óðni eða sækonungum.
- 7) Öll herklæði eru föt Óðins og sækonunga.
- 8) Öll höggvápn má kalla elds heitum eða annarrar birti, leiftur eða ljós, kenna við Óðin eða orrustu eða sækonunga, herklæði eða hræ, ben eða blóð.
- 9) Öll vopn eru tröll og vargar og hundar herklæða og hlífa, en lagvopn má kalla fiskaheitum og orma og kenna við herklæði og hlífar, sár eða blóð. [AM 757 4to]
- 10) Blóð er kallað sjóar heitum og vatna og kennt við hræ eða ben, sár eða undir.
- 11) Sjó má kalla garð landa og men, band og belti, lás¹⁸ og fjötur, hring og boga. Kalla má hann og heim sækvikenda og hús, jörð og götu sækonunga og skipa. Ormur sá heitir Miðgarðsormur er liggur um öll lönd utan, því er rétt að kenna orma alla svo til landa sem sjó, kalla band eða baug jarðar.
- 12) Orma er rétt að kalla fiska heitum og hvala, ef þeir eru kenndir við nokkuð láð, við hraun, gras eða grjót, gljúfur eða heiðar. Orma jörð er gull, rekkja þeirra og gata.
- 13) Gull skal kenna einn veg til handar og sjóar og til vatna allra, kalla eld og sól og tungl og stjörnu og kyndil og kerti, dag og leiftur, geisli og blik og alla birti, enda má gull kenna til snæs og íss og kenna þá til handar. Baugur er fjötur handar og hanki og virgill. Gull er korn eða meldur Fróða konugs en verk ambátta hans tveggja, Fenju og Menju, en sáð Kraka konungs og fræ Fýrisvallar, byrður Grana, haddur Sifjar en tár Mardallar, mál jötna. Hringur hét Draupnir; hina níundu hverja nótt draup af honum hringur jafnsjálegr honum. Því er gull sveiti hans.
- 14) Hönd er hauka jörð og gata þeirra og hestur, skip og stallur. Baugur heitir hönd og mund.¹⁹ Hönd er ból eða nauð boga eða töng. Kalla má hana fót eða lim axlar. Rétt er að kalla höndina heitum kvikvenda ef þau eru kennd við öxlina. Kalla má höndina og töng axlar.

¹⁶ Þessi klausa segir Sverrir Tómasson (1996: 22) að sé torskilin, en merkingin hlýtur að vera sú að ekki þurfi að kenna það sem nefnt er réttu nafni, sé *skjöldur* nefndur svo þarf engra frekari skýringa við, þess verður fyrst þörf ef hann er nefndur *sól*, þá þarf að kenna hann við *skip*. Hins vegar er hér um að ræða almenna reglu sem vel hefði mátt koma fremst í kenningaflæðinu og sem inngangur þess.

¹⁷ Hdr. *hleða*. Ásgeir Bl. Magnússon (1989: 338) skýrir *hleði* sem ‚hleri, lok, hlemmur‘.

¹⁸ Að fornu máli merkti *láz*, snúra eða band‘.

¹⁹ Ef þetta er rétt er þetta eindæmamerking í *baugr*, að því er orðabækur benda til. Samkvæmt ONP er hugsanlegt að *baugr* sé öngull, og þá ekki alveg út í hött að hugsa sér að það sé beygður handleggur (sbr. *olnbogi*) eða greip (töng), en engin dæmi eru því til stuðnings. Líklega er þó *Baugr* ofaukið, sbr. AM 757 a 4to: „Hönd er hauka jörð, grund og gata þeirra og hestur, skip og stallur. Heitir hönd og mund [hdr. mynd]. Hönd er og ból eða nauð boga [hdr. bogi] eða töng. Kalla má hana fót eða lim axlar.“

- 15) Svá má og horn kalla trjáheitum, ef þau eru kennd við drykkju eða það sem þau vóxu af. Horn og önnur ölkeröld má kalla skip eða hús alls drykkjar.
- 16) Ís er himinn eða hús sjóar og allra vatna og hjálmur þeirra.
- 17) Hundur er vargur eða tröll beina; þess tröll er allt sem það má fara.²⁰ Fé er tröll fódurs síns, en eldur þess er hann eyðir og víðar, grjót og ryð járna, vötn jarðar og elds, regn eða skin snæs og ísa, hriðir hjarðar.
- 18) Nótt er angur eða sótt allra fugla. Snær er sótt orma og vetur. Vetur er nótt bjarnar en sumar er dagur hans.
- 19) Hestar tröllkvenna eru vargar en taumar þeirra eru ormar. Drykkur varga er dreyri.
- 20) Haukar og hrafnar eru hræfuglar og svo ernir. Rétt er aðra fugla að nefna til og eigna Óðni eða kenna við orrustu eða hræ eða blóð.
- 21) Hvern karlmann má kalla feiti eða bræði hræfugla og varga, svo ilrjóð þeirra eða gómlituð. Karla má og kalla trjáheitum karlkenndum og Óðins og allra ása hvort sem vill lofa eða lasta og kenna við herklæði eða vopn, hlífar eða orrustu, skip eða gull. En ef illa skal kenna þá má hann kalla allra illra kvikvenda nöfnum karlkenndra og jötna og kenna til fæðslu nokkurrar. Kalla má hann þá og grenni²¹ svína og alls fénaðar, svo hunda. Kalla má hann og konunga heitum og kenna við nokkurs konar verkfæri eða það annað er hann er stýrandi, kalla lesti og þverri alls gagns.
- 22) Konu er rétt að kalla trjáheitum kvenkenndum, svo og ásynju heitum og eyja og landa kvenkenndra svo orrustu heitum, svo konunga heitum, gram eða ræsi og slíkum öllum²² og kenna jafnan við gull eða glys þeirra, svo við ölkeröld og drykkju, kenna við sjó og stein ef vill. Regin heita goð heiðin, bönd og rögn, kalla má konu þeirra heitum og kenna, en ef illa skal þá er hún kennd við hvetvetna herfilegt það er hún er stýrandi, þvol²³ og sveipu, hryðu²⁴ og hlandausu, skjóðu og skreppu allra ódáða. Þess beðja er kona hver sem hana á.
- 23) Hár manns má kalla víðarheitum öllum og grass þess er á jörðu vex, kenna við svörð eða hvirfil eða hnakka eða enni eða reik eða vanga.
- 24) Haus manns er kallaður hús heila en grund hjálma.
- 25) Eyru manns eru kölluð skip eða sjáldur kinna eða vanga, heyrn eða hlust. Eyru manns er kallað hlustar auga eða sjónir.
- 26) Augu manns má kalla skjöld eða skip eða himintungla heitum eða annarrar birti, kenna við brýn eða hvarma, kinnur eða brár.
- 27) Nef manns er kallað inni eða skip hors eða hnerra.

²⁰ Ef sögnin *fara* stýrði þágufalli: *fara einhverjum* merkti hún ‚tortíma‘ (sbr. nútímamál *fyrirfara*).

²¹ Sögnin *grenna* virðist hafa merkt hvort tveggja að ‚gera grannan‘ og að ‚ala, gefa mat‘, hið síðara einkum varðveitt í skáldamáli.

²² Þetta er talsvert einkennilegt. Hvort heldur er hér í *Litlu Skáldu* eða í *Skáldskaparmálum* er lögð áhersla að kyn sé hið sama á stofnorð kenningar og því sem kenna skal. Þannig verða karlar ekki kenndir sem **Freyja sverðs* konur ekki sem **Heimdallr hörvi glæstr*. Ekki er fljótséð hvaða mistök liggja að baki þegar allt í einu má kalla konu *vísi* eða *ræsi* og kenna við gull eða glys.

²³ Útgefendur 1852 hafa mislesið: *þvål* lesið þvmal í stað þvål. Finnur lagfærir þetta í útgáfu sinni 1931. *Þvål* merkti sennilega eins og *þvol* ‚lútur eða sápa‘, en *sveipa* ‚rýja, dula‘.

²⁴ *Hryða* héti sennilega í okkar tíð *spýtubakki*, samanber *hroði*.

- 28) Munnur manns er kallaður inni eða skip alls fróðleiks.
- 29) Svo er og brjóst kallað {inni eða skip} aldurs og hugar og hjarta og þess alls er innan rifja er holdgróið.²⁵
- 30) Tenn eru kallaðar góma grjót.
- 31) Tunga er kölluð ár eða stýri eða vopns heiti og kennd til orða eða góma eða tanna.
- 32) Hjarta er kallað steinn eða korn, hnot eða epli, en kennt til hugar. Hjarta heitir og akarn og eisköld.²⁶
- 33) Gollur heitir það er næst er hjarta manns.
- 34) Hnetur heita fylvingar.
- 35) Heimur er kallaður hús eða ker veðra, en himinn erfiði dverga fjögurra, þeirra er svo heita: Norðri, Suðri, Austri, Vestri. Himinn er kallaður hjálmur eða salur landa, en braut himintungla.²⁷
- 36) Sól er kölluð eldsheitum og kennd til himins. Sægur heitir sár en Simul stöng, Bil og Hjúki bera hann. Það er kallað að þau sé í tungli.
- 37) Úr Ymis holdi
var jörð of sköpuð
en úr hans sára sveita sjór,
björg úr beinum,
baðmr úr hári
himinn úr hausi hans.

En úr hans brám
gerðu blíð regin
Miðgarð manna sunum,
en úr hans heila
vóru þau hin hriðfelldu
ský öll of sköpuð.

Þat er rétt að kalla jörð hold Ymis, en sæ blóð hans, en [heim]²⁸
Miðgarð brár hans, en ský heila hans.

- 38) Kvern heitir Grótti er átti Fróði konungur, hún mól hvetvetna það er hann vildi, gull og frið. Fenja og Menja hétu ambáttir þær er mólu. Þá tók Mýsingur sækonungur Gróttu og lét mala hvíta salt á skipum sínum, þar til er þau sukku á Pétlands firði. Þar er svelgur síðan er sær fellur í auga Gróttu. Þá gnýr sær er hún gnýr og þá varð sjórinn saltur.²⁹
- 39) *Frá Fenrisúlfi*
Ámsvartnir heitir vatn, en Lyngvi hólmur í vatninu, en Síglitnir hóll í

²⁵ Það sem hér er sýnt innan slaufusviga hefur annað hvort fallið niður eða verið hugsað sem sjálfgefið framhald greinanna á undan.

²⁶ *Eisköld* er eindæmaorð og óvíst hvernig á að skrifa það (í handritinu stendur *æisköld* en hér er fylgt lestri Finns Jónssonar (1931) en það virðist hljóta að merkja 'hjarta').

²⁷ Með þessari efnisgrein verður talsvert stökk í textanum, horfið frá hnetum (sem e.t.v. eru hugsaðar sem mynd hins harða hetjuhjarta?) til heims eða himins. Í einkennilegri klausu í DG 11 (2012, 206) kemur fyrir orðaval sem bendir til þess að ekki sé alltaf gerður mjög skýr munur á *heimi* og *himni*. Eins og sögurnar sem við er stuðst í næstu efnisgreinum á eftir á fróðleikurinn um dvergana fjóra sem bera himinhvolfið fyrst heima í *Gyllfaginningu*, þótt hann sé endurtekinn í *Skáldskaparmálum*.

²⁸ [...] ofaukið.

²⁹ Þessu virðist aukið inn í textann, því í efnisgrein 23 er gengið út frá því sem sjálfsagðri þekkingu hver Fróði hafi verið og kvörn hans.

hólminum. En þvíti heitir hæll er stendur í hólunum, en Gjöll heitir rauf er boruð er á hælunum, en Hreða heitir festur er Fenrisúlfr er bundinn með og er henni drepð í gegnum raufina, en Gelgja spýta er fyrir er stungið. Fjöturinn heitir Gleifnir, er honum heldur. Gervir voru tveir fjötrar til hans fyrst, þeir Drómi og Læðingur, og hélt hvorgi. Þá var Gleifnir síðan ger úr sex hlutum:

úr kattardyn
og úr konu skeggi,
úr fisks anda
og úr fugla mjólk
og úr bergs rótum
og bjarnar sinum
úr því var hann Gleifnir ger.

Því er það ekki eftir síðan að það var þá allt til haft. Ár tvær falla úr munni honum; heitir önnur Von en önnur Víl, og er því rétt að kalla vötn hráka hans. En Gjölmar heita granar hans.³⁰

Kenningaflæði

Litla Skálda kemur fyrir sjónir sem eins konar hugarflæði um kenningar og fyllir drjúgar þrjár síður í útgáfunni 1852 (2. bindi 428–4314, 511–51427). Í handritinu AM 748 I b 4to er ekki eiginleg fyrirsögn, heldur staðfest að: „Hér er lykt þeim hlut bókar er Ólafr Þórðarson hefir samansett ok upphefr skáldskaparmál³¹ ok kenningar eftir því sem fyrri (=fyrir?) fundið var í kvæðum höfuðskálda ok Snorri hefir síðan samanføra látið.“ AM 757 a 4to hefur hins vegar fyrirsögnina *Hér byrjast kenningar skáldskapar*.

Þótt Finni Jónssyni þætti kenningaþátturinn vera „af en ret kaotisk art“ kemur hann mér einmitt fyrir sjónir sem harðsnúið og þétt hugarflæði, og því er þessi fyrirsögn sett hér, *Kenningaflæði*. Það sem við blasir er hvernig ein kenningin beinir huga að annarri, „orð mér af orði orðs leitaði“ sagði spakmælaskáld í Hávamálasafni, og nákvæmlega það sýnist gerast hér: Þegar nefnt er skip dverga, leiðir það hugann að því hvernig kenna megi skip og á sama hátt leiðir drykkur jötna eða dverga til þess að hugleitt sé hvernig kenna megi dverga og jötna og þannig koll af kalli.

Það er sérkennilegt að þegar kenningaflæðinu lýkur í mannheimum með kenningum líkamshluta skuli athyglin beinast að heimi og himni og þaðan að sól, en svo er tekinn upp öðruvísi þráður um sköpun jarðar og þaðan vikið sögu að fjötrun úlfins. Fljótt á lítið er ekki auðséð uppeldis- né kennslufræðilegt samhengi þar á milli. En leiðin í texta handritanna liggur inn í kenningatal og heitakafla mjög áþekkan *Skáldskaparmálum Eddu* og þá er því líkast sem hugsað sé til þessað tvennt hafði verið afgreitt í *Gylfaginningu*, sköpun jarðar úr holdi Ymis og frásögnin af fjötrunum þrem. Þeir eru afskaplega lítið notaðir í kveðskap og reyndar kemur ekki neinn þeirra fyrir nema hugsanlega Gleipnir í kenningu í erindi sem kallað er *Stríðskeravísur í Laufás-Eddu* (1852: 630). En væntanlega þykir ritara eða ritstjóra AM 748 I b 4to fengur í efnisfræði Gleipnis.

³⁰ Þátturinn um fjötrun úlfins á eins og fróðleikurinn í efnisgreinum 36) og 37) heima í *Gylfaginningu*, ekki *Skáldskaparmálum* í Konungsbókar- og Uppsalaabókargerð. Þessar lokagreinar virðast þannig greinilega sóttar í aðrar heimildir en greinar 1) til 34), sem allar kynnu að byggja á svipuðum gögnum og *Skáldskaparmál*.

³¹ Í handritinu stendur *skáldskaparmál*. Það er oft erfitt að vita hvort á að fara með þetta orð sem sérnafn í handritum, og eins vafamál hvað má leggja upp úr duttlungum skrifaranna um eitt eða tvö orð. Í meginfyrirsögn *Eddu* í DG 11 4to, þeirri sem oftast er til vitnað, er rætt um *skáldskapar mál* og getur allt að einu verið inntakið „orðaforði skáldskaparins“ og kaflaheitið *Skáldskaparmál*. Sama verður uppi í fyrirsögn síðar í sama handriti (2012: 124).

Hér er óþarft að fara lið fyrir lið í gegnum efni *Litlu Skáldu* til að sýna að það getur ekki byggst beinlínis á þeim *Skáldskaparmálum* sem við þekkjum úr Konungsbókar- eða Uppsalabókargerð, þótt greinilegt sé að ritstjóri (ritstjórar) hafi veður af einhvers konar Eddugerð, en ekki nákvæmlega samhljóða þeim sem við þekkjum. Þar um nægir að benda á textann í fyrstu efnisgrein um skáldskapinn og síðan tiltölulega ýtarlegar greinar um karla og konur. Bornir eru saman textarnir eins og þeir eru í *Uppsala-Eddu* (útg. 2012), *Konungsbók* (útg. 1998) og AM 748 I b 4to (útg. 1852).

Bent skal á tvennt sem kallast má sérkennilegt í lista *Litlu Skáldu* um skáldskapar-kenningarnar. Þar er ekki minnst á blóð Kvasis, sem *Skáldskaparmál* leggja talsvert upp úr, og kenningarnar um skáldskap sem *skip jötna* og *skip Óðins* eru ekki í samræmi við það sem *Skáldskaparmál* leyfa. Á þessu kunna að vera ýmsar skýringar. Kenningin *Kvasis dreyri* er samkvæmt heimildum okkar svo sjaldséð að hún kemur aðeins fyrir í *Velleklu* Einars skálaglamms. Þar er að vísu á ferð skáld sem var uppi um kristnitöku, og má því taka kenningu hans alvarlega, en vinsæl hefur hún ekki orðið með öðrum skáldum. – Kenningarnar um skáldamjöldinn, að kalla hann *skip jötna* eða *skip Óðins*, standast ekki ef miðað er við frásögn *Eddu*. Þá er hins vegar þess að gæta að sagan um tilkomu skáldamjaðarins og rán Óðins á honum er mjög með ólíku mótí í Uppsalagerð og Konungsbókargerð (sbr. Heimi Pálsson 2010). Það kynni að sínu leyti að benda til þess að ólíkar frásagnir um þennan görótta drykk hafi verið á ferðinni. Þá skal og minnt á að bæði dvergar og jötnar búa í steinum og björgum (sbr. Hnitbjörg) og sömu nöfn koma raunar fyrir sem dverga- og jötnanöfn. Er skynsamlegt að viðurkenna að um þessar þjóðir vitum við fátt þótt oft séu nefndar. En óhætt sýnist mega fullyrða að efnisgrein *Litlu Skáldu* sé ekki tínd úr sundurlausu efni *Skáldskaparmála* í Eddugerðunum tveim.

Sama verður uppi þegar horft er á karl- og kvenkenningar. Þar er aðeins ein meginklausa um hvort kyn í *Skáldskaparmálum* en þó ætti að vera hægt að sjá eftir hvorri væri farið í *Litlu Skáldu*, en svarið er einfalt, sýnist vera: hvorugri.

Kenningar skáldskapar		
DG 11 4to (2012)	Gks 2367 4to (1998)	AM 748 I b 4TO (1852)
Því heitir skáldskaprinn fengr Óðins ok fundr ok drykk ok gjöf. (2012: 88) Hversu skal kenna skáldskapinn? Svá at kalla Kvasis blóð eða dverga drykkju eða fylli, eða margskonar lög Óðrórís eða Boðnar eða Sónar, eða farskost dverga, Suttunga mjöð eða lög Nitbjarga, fengr eða fundr Óðins, drykk hans ok gjöf ok drykk ásanna. (2012: 124) Hér skal heyra hvernig skáldin hafa kent skáldskapinn [...] Svá sem hér: at kalla Kvasis dreyra eða dverga skip, mjöð jötna, mjöð Suttunga, mjöð Óðins ok ása, fǫðurgjöld jötna; lög Óðrórís ok Sónar ok Boðnar, ok lög Hnitbjarga,	Af þessu kǫllum vér skáldskap Kvasis blóð eða dverga drekkju eða fylli eða nakkvars konar lög Óðreris eða Boðnar eða Sónar eða farskost dverga, fyrir því at sá mjöðr fflutǫti þeim fjǫrlausn ór skerinu, eða Suttunga mjöð eða Hnitbjarga lög. (1998: 4) Því kǫllum v[ér] skáldskapinn feng Óðins ok fund ok drykk hans ok gjöf hans ok drykk Ásanna. (1998: 5) Hér skal heyra hvé skáldin hafa kent skáldskapinn eptir þessum heitum er áðr eru rituð, svá sem er at kalla Kvasis dreyra ok dverga skip, dverga mjöð, jötna mjöð, Suttunga mjöð, Óðins mjöð, fǫðurgjöld jötna, lög Óðreris ok Boðnar ok Sónar	Skáldskapr er kallaðr skip dverga ok jötna ok Óðins ok fundr þeirra ok drykk þeirra, ok er rétt at kenna svá, ef vill, bæði skip ok drykk sem annars staðar í skáldskap ok eigna þeim. (1852: 428)

<p>fengr ok fundr ok farmr ok gjöf Óðins. (2012: 132) Skáldskapr er kallaðr sjár eða lqgr Óðrøris áðr mjoðrinn væri gjörr, ok þar gerðist hann í katlinum, ok er hann fyrir því kallaðr hverlqgr Óðins. (2012: 138) Enn er kallaðr skáldskaprinn far eða lið dverganna. Líð heitir ql, lið heitir skip. Svá er tekit til dómanna at skáldskaprinn er nú kallaðr fyrir því skip dverganna. (2012: 138)</p>	<p>ok fyllr, lqgr Hnitbjarga, fengr ok fundr ok farmr ok gjöf Óðins. (1998: 11) Skáldskapr er kallaðr sjár eða lqgr dverganna, fyrir því at Kvasis blóð var lqgr í Óðreri áðr mjoðrinn væri gjörr, ok þar gerðisk hann í katlinum, ok er hann kallaðr fyrir því hverlqgr Óðins. (1998: 14) Enn er kallaðr skáldskaprinn far eða lið dverganna; líð heitir ql ok lið heitir skip. Svá er tekit til dæma at skáldskapr er nú kallaðr fyrir því skip dverga. (1998: 14)</p>	
Kenningar karla		
DG 11 4to (2012)	Gks 2367 4to (1998)	AM 748 I b 4TO (1852)
<p>Hverneg skal kenna manninn? – Hann skal kenna við verk sín, þat er hann veitir eða gerir eða þiggr. Hann má ok kenna við eignir sínar, þat er hann gefr eða hann á, ok við ættir þær er hann er af kominn; svá þær er af honum kómu. – Hverneg skal hann kenna við þessa hluti? – Svá at kalla hann vinnanda eða fremjanda verka sinna eða fara sinna eða athafnar, víga eða sæfara, eða skipa eða vápna. Hann er ok reynir vápnanna ok viðr viganna, allt eitt ok vinnanda. Viðr heitir tré ok reynir heitir tré. Af þessum heitum hafa skáldin kallat manninn ask eða hlyn, lund eða qðrum viðr heitum. Karlmann skal kenna ok til víga eða skipa eða fjár. – Mann er ok rétt at kenna til allra ása heita. Kent er ok við jötna heiti ok er þat flest háð eða lastmæli. Vel þikkir kent við álfa. (2012: 160)</p>	<p>Hvernig skal kenna mann? Hann skal kenna við verk sín, þat er hann veitir eða þiggr eða gerir. Hann má ok kenna til eignar sinnar þeirar er hann á ok svá ef hann gaf, svá ok við ættir þær er hann kom af, svá þær er frá honum kómu. Hvernig skal hann kenna við þessa hluti? Svá at kalla hann vinnanda eða fremjanda eða <til> fara sinna eða athafnar, víga eða sæfara eða veiða eða vápna eða skipa ok fyrir því at hann er reynir vápnanna ok viðr víganna – allt eitt ok vinnandi; viðr heitir ok tré, reynir heitir tré – af þessum heitum hafa skáldin kallat menn ask eða hlyn, lund eða qðrum viðr heitum karlkendum ok kent til víga eða skipa eða fjár. Mann er ok rétt at kenna til allra Ása heita. Kent er ok við jötna heiti ok er þat flest háð eða lastmæli. Vel þykkir kent til álfa. (1998: 40)</p>	<p>Hvern karlmann má kalla feiti eða bræði hræfugla ok varga, svá ilrjóð þeirra eða gómlituð. Karla má ok kalla trjáheitum karlkenndum ok Óðins ok allra ása hvárt sem vill lofa eða lasta ok kenna við herklæði eða vápn, hlífar eða orrustu, skip eða gull. En ef illa skal kenna þá má hann kalla allra illra kvikvenda nofnum karlkenndra ok jötna ok kenna til fúðslu nokkurrar. Kalla má hann þá ok grenni svína ok alls fénaðar, svá hunda. Kalla má hann ok konunga heitum ok kenna við nokkurs konar verkfóri eða þat annat er hann er stýrandi, kalla lesti ok þverri alls gagns. (1852: 429–430)</p>
Kenningar kvenna		
DG 11 4to (2012)	Gks 2367 4to (1998)	AM 748 I b 4TO (1852)
<p>Konu skal kenna til alls kvenbúnaðar, gulls ok gimsteina, qls ok vins eða</p>	<p>Konu skal kenna til alls kvenbúnaðar, gulls ok gimsteina, qls ok vins eða</p>	<p>Konu er rétt at kalla trjáheitum kvenkenndum, svá ok ásynju heitum ok eyja ok</p>

<p>annars drykkjar þess er hon gefr eða selr, svá ok til ǫlgagna ok allra þeira hluta er henni samir at veita eða gefa. Rétt er ok at kenna hana svá at kalla hana selju eða lág þess er hon miðlar. En selja ok lág, þat eru tré. Fyrir því er kona kend til kenningar ǫllum viðar heitum. En fyrir því er kona kend til gimsteina eða glersteina: þat var í forneskju kvenna búnaðr er kallat er steinasörvi³² er þær hǫfðu á hálsi sér. Nú er svá fórt til kenningar at konan er kend við stein ok við ǫll steins heiti. Kona er ok kend við ǫll ásýnja heiti eða valkyrjur, nornir eða dísir. Konu er rétt at kenna við alla athǫfn sína eða við eign eða ætt. (2012: 162)</p>	<p>annars drykkjar þess er hon selr eða gefr, svá ok til ǫlgagna ok til allra þeira hluta er henni samir at vinna eða veita. Rétt er at kenna hana svá at kalla hana selju eða lóg þess er hon miðlar, en selja eða lág, þat eru tré. Fyrir því er kona kǫlluð til kenningar ǫllum kvenkendum viðar heitum. En fyrir því er kona kend til gimsteina eða glersteina, þat var í forneskju kvenna búnaðr er kallað var steinasörvi er þær hǫfðu á hálsi sér. Nú er svá fœrt til kenningar at konan er kend við stein eða við ǫll steins heiti. Kona er kend við allar Ásynjur eða nornir eða dísir. Konu er ok rétt at kenna við alla athǫfn sína eða eign sína eða ætt. (1998: 40)</p>	<p>landa kvenkenndra svá orrustu heitum, svá konunga heitum, gram eða ræsi ok slíkum ǫllum ok kenna jafnan við gull eða glys þeirra, svá við ǫlkerǫld ok drykkju, kenna við sjó ok stein ef vill. Regin heita goð heiðin, þond ok rǫgn, kalla má konu þeirra heitum ok kenna, en ef illa skal þá er hon kennd við hvetvetna herfilegt þat er hon er stýrandi, þvål ok sveipu, hryðu ok hlandausu, skjóðu og skreppu allra ódáða. Þess beðja er kona hver sem hana á. (1852: 430)</p>
---	--	--

Það er býsna langsótt að hugsa sér að texti *Litlu Skáldu* sé unninn upp úr Uppsalabókargerð eða Konungsbókar. Miklu líklegra sýnist að textar AM 748 I b 4to og AM 757 a 4to séu smíðaðir úr kennsluefni sem hefur fengið að þróast lengi. Er þá komið nærri hugmyndum Müllenhoff, sem áður eru nefndar. Það hefur hugsanlega orðið til hugtakakeðja sem lítur einhvern veginn svona út og er reynt að sýna með þílum hvernig eitt leiðir af öðru, en lóðrétt strik marka stórvægilegri efnisskil:

Skáldskapur → skip/drykkur dverga/jötna → heiti sævar (vatna) → heimkynni dverga/jötna → steinar → bein jarðar, grand Hamdis og Sörla → orrusta → skjöldur → herklæði → vopn (fjendur herklæða) → blóð (vökvi) → sjór → garðr landa (Miðgarðsormr) → ormar → ormarekkja = gull → hönd → töng → horn → öl → sjór → ís → óvinur íss (fjendur) → nótt óvinur fugla → vetur nótt bjarna → vargur hestur tröllkonu → ormar að taumum → hræfuglar || maður → kona → líkamshlutar || heimur → himinn → sól → Ymis hold → Gleipnir.

Þessi keðja er vitanlega misþétt, en þó má oftast rekja sig merkingarfræðilega eftir henni og það er ekkert í *Eddu* sem gerir hana sjálfsgöða þótt flestar upplýsingar hennar megi finna í Uppsalagerð eða Konungsbókargerð. Röðin þar er önnur og samhengið er ekki að sjá í formgerð *Eddu*. Hugmyndin er sennilega að auðvelda nemanum utanbókarlærdóm-inn. Sjálfar eru kenningarnar oftast myndrænar og því auðvelt að muna þær.³³

³² Steinunn fornleifafræðingur Kristjánsdóttir upplýsti í tölvubréfi 24. september 2013, á dánardegi Snorra, að steinasörvi muni hafi horfið úr tísku á elleftu öld, ef ráða megi af fornleifarannsóknunum. Hins vegar benti Steinunn á að karlmenn hefðu borið slíkt skart ekki síður en konur meðan það var í tísku.

³³ Í ljósprentsútgáfu handritsins í CCIMAE árið 1945 hefur Wessén þau ein orð um *Litlu Skáldu* (bls. 13) að á blaði 14v línu 9 til annarrar línu að neðan á blaði 15v sé „a brief list of kenningar“.

Námsefnið tekið alvarlega

Litla Skálda er varðveitt næstum orðrétt eins í tveim handritum, talsvert misgömlum. Texti AM 757 a 4to getur ekki verið skrifaður beint eftir AM 748 I b 4to. Nægir þar að benda á efnisgrein 9, sem vantar í AM 748 I b 4to en hlýtur að hafa staðið í forriti AM 757. Þetta segir okkur að efni og framsetning *Litlu Skáldu* hafi verið talin nytsamur fróðleikur skáld-efnum. En vitnin eru fleiri.

Á fol. 15r, framhlið 15. blaðs í AM 748 I b 4to, í miðju kenningaflæðinu, hefur verið skrifaður á neðri spássíu dálítill nafnalisti. Finnur Jónsson nefndi þaðan herra Sigurð og bæjarnöfnin Árdal, Horn, Hvanneyri og Síðumúla og dró af þá hógværu ályktun að bókin hefði átt heima í Borgarfjarðardölum á sautjándu öld. Mannanöfnin eru ekkert síður fróðleg en bæjarheitin, því meðal þeirra eru Ormr, Oddr, Jón litli, annar Jón, Eyjúlfr, gott ef ekki fleiri Jónar, meðal annars Jón í Árdal, Sigmundur á Horni, en mörg eru nöfnin torlæs.³⁴ Allt eru þetta hugsanlega nöfn skáldnema, þeirra sem notað hafa bókinu og eru allt að tveim tugum. Þetta væri sem sagt brúklegur skólabekkur í Borgarfirðinum, ef allir væru saman, en bæjanöfnin benda heldur í hina áttina: það hafi verið stundað heimanám en hugsanlega með heyrara sem kannaði hvort lært hefði verið.

Og spássíugreinarnar eru fleiri. Á rönd blaðs 4v hefur verið skrifuð vísa:

Edda er góð og orðafróð,
undirstóll til kvæða,
sækir þann með snilld hana kann
sjaldan orðafæða.

Er ekki að efa að orðafæða er þarna það sem við kynnum að kalla orðfæð en mundum þó oftast segja að menn verði orðlausir. Það er að sínu leyti dálítið skemmtileg mynd af kennslubókinni að kalla hana undirstól, en það orð verður ekki fundið á orðabókum né heldur í leitarvélum. Sérlega þykir mönnum gagnsamnt að þarna skuli nefnd *Edda*.

Enn er svo þess að geta að neðst á blaði 25, þegar líður að lokum Skáldskaparmálakafans (alls er handritið aðeins 28 blöð), hefur þreyttur skólasveinn skrifað: Guð gefi mér að læra þessa bók með öðru góðu, en hón er vond. Guð faðir mijkunne (= miskunni). Varla munu nemendur okkar daga taka námsefnið svo alvarlega að þeir haldi jafnvel að stafi sálarþjón af, því vafalítið merkir vond hér siðferðilega vond. Þótt ekki séu sagðar miklar sögur af guðunum ber talsvert á heiðnum kenningum í handritinu, og vísast hefur kristilega þenkjandi ungmenni þótt nóg um þegar nafn Óðins var nefnt hvað eftir annað.

Aldur og uppruni

Í ritgerð sinni um nýsköpun eða endurtekningu kvað Sverrir Tómasson þannig að orði um *Litlu Skáldu* (1996: 21):

Um aldur verksins er eitt víst að það getur naumast verið mikið eldra en A [þ.e. AM 748 I b 4to] og ekki er rétt að kalla það uppsuðu úr Skáldskaparmálum. Um efni þess má hafa þau orð að það sé ágríp skáldskaparmála, edda í stuttu máli án þess þó að vera unnið upp úr verki Snorra. Bygging þess er t.a.m. með öðrum hætti en Skáldskaparmál Snorra og virðist að nokkru leyti miðað við hagnýt not við yrkingar, einkum frásögukvæða.

Þar sem Sverrir skýrir aldursrökin ekki verður óljóst hvað hann á við með að verkið geti ekki verið mikið eldra en handritið AM 748 I b 4to. Vel getur verið að sá texti sem við höfum fyrir framan okkur sé ekki miklu eldri (vandséð reyndar að hann sé unglegri en texti

³⁴ Ég á þökk að gjalda Veturliða Óskarssyni fyrir að hafa rýnt með mér í ljósprentunina.

Snorra í *Eddu*). En það segir að sjálfsgöðu ekkert um að *Litla Skálda* geti ekki hafa sprottið af gamalli hefð, jafnvel eldri en verk Snorra eru. Það virðist einmitt hafa verið í huga Müllenhoffs.

Ég hef í rannsóknnum mínum á *Skáldskaparmálum* þótt finna skýr rök fyrir því að unnið hafi verið úr kenningalistum sem síðan hafi verið fyllt í með dæmum. Stundum eru listar einir kunnir og engin dæmi. Ég get ekki séð neitt því fyrirstöðu að *Litla Skálda* sé einmitt unnin úr þess konar listum, en að sjálfsgöðu aukið við efni og lagað að nýjum kynslóðum og eftir því sem reynsla úr tilsögn sagði fyrir. Þannig gæti *Litla Skálda* hafa lifað við hlið *Snorra-Eddu* lengi þrettánda aldar þótt ekki færi á bók fyrr en um aldarlokin. Þó er þess að gæta að ekkert er um það vitað hvort forrit AM 757 a 4to hefur verið eldra eða yngra en AM 748 I b 4to, og ef til vill reyndar sama forrit í báðum tilfellum.

Heimildir

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans. Reykjavík.

Böðvar Guðmundsson og Heimir Pálsson. 2015. *Norrænir guðir í nýju landi*. Íslensk heiðni og goðsögur. Mál og menning. Reykjavík.

Brennu-Njáls saga. 1954. Íslensk fornrit 12. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Mary Carruthers. 2002. *The Book of Memory. A Study of Memory in Medieval Culture*. Second Edition. Cambridge University Press. Cambridge.

Margaret Clunies Ross. 1987. *Skáldskaparmál*. Snorri Sturluson's *ars poetica* and medieval theories of language. Odense University Press.

Urusla and Peter Dronke. 1977. The Prologue of the Prose Edda: Explorations of a Latin Background. Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson (ritstjórar), *Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977*: 153–176. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík.

Edda Snorra Sturlusonar. 1852. Edda Snorronis Sturlæi. Tomus secundus, continens: Tractatus philologicos et additamenta ex codicibus manuscriptis. Sumptibus Legati Arnamagnæani. Kaupmannahöfn.

Edda Snorra Sturlusonar. 1931. Udgivet efter håndskrifterna af Kommissionen for Det Arnamagnæanske legat ved Finnur Jónsson. Gyldendalske boghandel. Kaupmannahöfn.

Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933. Íslensk fornrit 2. Sigurður Nordal gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

FGT sjá *The First Grammatical Treatise*. 1972.

Finnur Jónsson. 1931. Indledning. *Edda Snorra Sturlusonar*. 1931: i–lix. Gyldendalske boghandel. Kaupmannahöfn.

Guðamjöldur og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist. 1996. Sverrir Tómasson ritstjóri. Háskólaútgáfan. Reykjavík.

Guðrún Nordal. 2001. *Tools of Literacy*. The Role of Skaldic Verse in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries. University of Toronto Press. Toronto.

Hallfreðar saga. 1939. Íslensk fornrit 8. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Heimir Pálsson. 2010. Alltaf sama sagan. *Tímarit Máls og menningar* 71/4: 65–78.

Heimir Pálsson. 2014a. „Bók þessi heitir Edda.“ Uppsálagarð Snorra-Eddu. *Studia Islandica* 64. Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan. Reykjavík.

Heimir Pálsson, 2014b. Að læra til skálds – tilraun um nám. *Andvari*. Nýr flokkur. 139: 165–194.

Lexicon Poeticum antiquæ linguæ septentrionalis. 1931. Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog, oprindeligt forfattet af Sveinbjörn Egilsson. Forøget og påny udgivet for Det Kongelige Nordiske Oldskriftsselskab. 1916. 2. udgave ved Finnur Jónsson. Endurskoðuð 1931. Ljóspr. 1966. Lynge og Søn. Kaupmannahöfn.

Karl Müllenhoff. 1883. *Deutsche altertumskunde*. Fünfter band, erste abteilung. Weidemannsche Buchhandlung. Berlin.

Norrøn ordbok. 2004. Leiv Heggstad, Finn Hødnebo, Erik Simensen, 4. utgåva av Gamalnorsk ordbok ved Hægstad og Torp. Det norske samlaget. Oslo.

ONP <http://onp.ku.dk/>

Orkneyinga saga. 1965. Íslensk fornrit 34. Finnbogi Guðmundsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Sigurður Nordal. 1920. *Snorri Sturluson* (2. utgåfa 1973). Helgafell. Reykjavík.

Snorra-Edda. 1818. S-E ásamt Skáldu og þar með fylgjandi ritgjörðum, eptir gömlum skinnbókum útgefin af R. Kr. Rask. [S.n.]. Stokkhólmi.

Snorre Sturlasons *Edda*. 1962. Uppsala-handskriften DG 11. Facsimileedition i Ijustryck. På uppdrag av Sveriges Riksdag utgiven med historisk inledning av Anders Grape†. [S. n.] Stokkhólmi. [Gefin út án inngangsins 1930 í einu gjafaéintaki á skinni til Alþingis. U.p.b. 20 eintök á pappír bundin inn. Sbr. Heimi Pálsson 2014a.]

Snorre Sturlasons *Edda*. 1977. Uppsala-handskriften DG 11. II. Transkriberad text och Paleografisk kommentar av Anders Grape†, Gottfrid Kallstenius† och Olof Thorell. Inledning och Ordförråd av Olof Thorell. Utgiven av Uppsala Universitetsbibliotek till Universitetets 500-årsjubileum. Uppsala Universitetsbibliotek. Uppsala.

Snorri Sturluson. 1950. *Edda*. Gylfaginning og prosafortellingene av Skáldskaparmál. Utgitt av Anne Holtsmark og Jón Helgason. Ljóspr. 1968. Munksgaard. Kaupmannahöfn.

Snorri Sturluson. 1998. *Edda. Skáldskaparmál*. 1. Introduction, Text and Notes. Ed. by Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research. University College. London.

Snorri Sturluson. 1999. *Edda. Háttatal*. Ed. by Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research. University College. London.

Snorri Sturluson. 2005. *Edda. Prologue and Gylfaginning*. Ed. by Anthony Faulkes. Second edition, (1. utgåfa 1982). Viking Society for Northern Research. University College. London.

Snorri Sturluson. 2012. *The Uppsala Edda*. DG 11 4to. Ed. with introduction and notes by Heimir Pálsson. Translated by Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research. University College. London.

Snorri Sturluson. 2013. *Uppsala-Edda*. Uppsalahandritið DG 11 4to. Heimir Pálsson sá um útgáfunu og ritar inngang. Bókaútgáfan Opna. Snorrastofa í Reykholti. Reykjavík.

Stefán Karlsson. 2000. *Stafkrókar*. Ritgerðir. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík.

Sverrir Tómasson. 1996. Nýsköpun eða endurtekning? Íslensk skáldmennt og Snorra Edda fram til 1609. *Guðamjöður og arnarleir*. Safn ritgerða um eddulist: 1–64. Háskólaútgáfan. Reykjavík

The First Grammatical Treatise. 1972. Ed. by Hreinn Benediktsson. Institute of Nordic Languages. Reykjavík.

Elias Wessén. 1940. *Codex Regius of the Younger Edda*. Introduction to Corpus Codicum Islandicorum Medii Aevi. Vol. 14. Einar Munksgaard. Kaupmannahöfn.

Elias Wessén (ed). 1945. *Fragments of the Elder and Younger Edda*. Corpus Codicum Islandicorum Medii Aevi. Vol. 17. Einar Munksgaard. Kaupmannahöfn.

Vésteinn Ólason. 1976. Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöld. *Skírnir* 150: 68–87.

Þorláks saga. 2002. Íslensk fornrit. 16. Ásdís Egilsdóttir gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum. 1989. Gunnar Ágúst Harðarson, ritstjóri Elucidaris, Um kostu og löstu, Um festarfé sálarinnar. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.

Um heimildavísanir og skrá er í ljósi af greinarefni vikið frá almennri reglu *Netlu – Vef tímarits um uppeldi og menntun* og fylgt viðteknum hefðum í norrænum fræðum.



Heimir Pálsson. (2015).
Hugsað um *Litlu Skáldu*: Kennslubækur og kennsla á miðöldum.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/004.pdf>